

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 242/1984. **Pétur Einarsson**

gegn

Kristjóni Benediktssyni

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1983. Var það mál þingfest 3. október 1983, en frestað þrisvar sinnum, uns aðiljar lýstu yfir, er það var tekið fyrir í febrúar 1984, að það væri tilbúið til munnlegs málflutnings. Er það mál skyldi munnlega flutt 13. nóvember 1984, sótti enginn dómþing af hálfu áfrýjanda. Greindi hæstaréttarlögmaður sá, sem með málið hafði farið fyrir áfrýjanda og tilkynnt hafði verið um málflutninginn, þó frá því, að hann hefði látið áfrýjanda vita um boðaðan málflutningsdag. Var málið að svo búnu fellt niður, svo sem fyrir er mælt í 39. gr. laga nr. 75/1973, og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að kröfu hans.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 6. desember 1984 með skírskotun til 36. gr. áðurgreindra laga. Er málið var þingfest í dag, krafðist hann þess, að því yrði frestað til marsmánaðar, en af hálfu stefnda var mótmælt, að umbeðinn frestur yrði veittur, og þess krafist, að málinu yrði frestað til munnlegs málflutnings.

Áfrýjandi hefur ekki greint neinar haldbærar ástæður fyrir því, að honum sé þörf sérstaks frests til að búa þetta mál til munnlegs flutnings, eins og til hagaði um áfrýjun þess og áður er rakið. Átti honum að vera í lófa lagið að leggja fram ágrip dómsgerða og greinargerð sína þegar við þingfestingu máls þessa. En þar sem enn hafa ekki verið lagðar fram dómsgerðir í málinu, en stefndi þó krafist, að lagður verði á það efnisdómur, þykir verða að veita hinn umbeðna fest.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til fyrsta reglulegs þingdags í mars.